

# Fundur stjórnar FNS

5. mars 2015, kl. 10:00 í HR

Mættar: Gréta, Ingibjörg, Unnur, Helga, Ágústa, Ásthildur

Mættar fyrir hönd fræslunefndar: Elísabet, Arnbjörg

1. Félagatal – póstlisti – heimasíða FNS
  - Jónína er að hætta sem umsjónarmaður félagatalsins og póstlista. Umræður um hvernig sé best að gera þetta á skipulagðan og skilvirkan hátt.
  - Hugmynd um að hafa utanumhald um félagsmenn á heimasíðu félagsins sem verði opið og sýnilegt, en spurning hver eigi að halda utan um það og hvort hugsanlegt sé að það sé einhver úr stjórn sem sér um það og í upphafi stjórnarfunda verði farið yfir umsóknir í félagið og þær þá samþykktar eða hafnað.
  - Slíkar breytingar kosta peninga og þessi breyting mun kosta félagið 150 þúsund en samþykkt var að gera það.
  - Umræður um hvernig aðild nema skuli vera og hvort þeir eigi að vara á póstlista og í félagatali. Á FNS að fá tengingu inn á FILIA (félag nema í náms- og starfsráðgjöf) og hvaða upplýsingar við eigum að setja þangað inn.
  - Umræður um hvort félagið eigi að fjárfesta í tölvu svo hægt sé að bjóða upp á skype fundi með öllum græjum
  - Umræður um hvort fréttir frá FNS eigi heima á heimasíðu stéttarfélagana (t.d. KÍ, BHM)
  - Niðurstöður könnunar sem Olga gerði, eiga þær ekki heima á heimasíðu félagsins?
2. Upplýsingar frá fræðslunefnd
  - Farið yfir starf vetrarins og það sem nefndin á eftir að gera.
  - Næsti viðburður er heimsókn í FÁ þann 9. apríl
  - Vangaveltur um það hvort fræðslunefnd eigi að taka að sér að sjá um Academia styrkina sem eru munaðarlausir eins og staðan er núna.
3. Upplýsingar frá fagraði framhaldsskóla
  - Framhaldsskólaráðgjafar óska eftir því að þeir hittist á fundi og er spurning hvort hægt sé að tengja þann fund við annan viðburð á vegum FNS
4. Upplýsingar frá fagraði grunnskóla
  - Haldinn var vel sóttur fundur grunnskólaráðgjafa í Valhúsaskóla
5. Umræður um starfsheitið okkar
  - Eigum við að vera frekar með endinguna „fræðingur“ frekar en „ráðgjafi“. Þurfum að velja þessu fyrir okkur m.t.t. þess hversu margir kalla sig ráðgjafa á ýmsum sviðum, með mun styttri nám að baki en við. Vangaveltur um það hvort þetta sé gjaldfelling á okkar starfsheiti.
6. Lagabreytingar fyrir aðalfund

7. Önnur mál

- Umræður um aðalfund og undirbúning fyrir hann. Ákveðið að fyrir þá sem ætla að vera áfram og borða greiði 3500 krónur fyrir mat og drykk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:00